

Fundur nr. 230

Ár 2023, föstudaginn 10. mars kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 9:30

Mætt:

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður
Már Másson
Ragnheiður H. Magnúsdóttir
Guðmundur Ingbór Guðjónsson
Helga Harðardóttir
Páll Brynjarsson

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll

Auk þeirra voru á fundinum Inga Rut Hjaltadóttir sviðsstjóri framkvæmdasviðs og Gunnar Tryggvason hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

- Öryggi, heilsa og umhverfi**
Mánaðarskýrsla öryggisstjóra lögð fram til kynningar og rædd. Hvorki hefur orðið fjarveruslys né skyndihjálparlys frá síðasta fundi.
- Mánaðaryfirlit hafnarstjóra**
Lagt fram og kynnt af hafnarstjóra.
- Starfsreglur stjórnar**
Breytingar á starfsreglum stjórnar sem komu til kynningar á síðasta fundi voru samþykktar samhljóða.
- Starfskjaranefnd**
Starfsreglum starfskjaranefndar sem komu til kynningar á síðasta fundi voru samþykktar samhljóða.
Formaður bar fram tillögur um skipan nefndarinnar og þóknun og voru þær samþykktar samhljóða. Í nefndinni sitja Hildur Björnsdóttir formaður, Már Másson og Sigrún María Guðjónsdóttir. Ólafur Ólafsson, mannauðsstjóri Faxaflóahafna mun starfa með nefndinni eftir þörfum.
- Stjórnarhættir**
Helga Hlín Hákonardóttir frá ráðgjafarfyritækinu Strategíu kom á fundinn og kynnti fyrir stjórn helstu atriði góðra stjórnarháttanna og svaraði spurningum fundarmanna.
- Arðgreiðslustefna**
Jón Garðar Jörundsson, sviðsstjóri viðskipta ásamt Magnúsi Erlendssyni og Agnesi Ísleifsdóttur frá KPMG komu á fundinn. Kynntu þau tillögu að arðgreiðslustefnu Faxaflóahafna og svöruðu spurningum fundarmanna.
- Áhættumat rekstar**
Ástríður Elín Jónsdóttir, gæða- og umhverfisstjóri kom á fundinn og kynnti áhættumat rekstrar og svaraði spurningum fundarmanna.

8. Önnur mál

- **Tilnefning í valnefnd og viðræðunefnd vegna Farþegamiðstöðvar**
Inga Rut Hjaltadóttir, sviðsstjóri framkvæmdarsviðs kynnti fyrirkomulag á samstarfsamkeppni um farþegamiðstöð. Stjórn fól stjórnarformanni að ganga frá tilnefningum í valnefnd og viðræðunefnd í samráði við hafnarstjóra.

Fundi slitið kl. 12:00